

**Minjaráð Austurlands**  
**fundur 25. júní 2021**  
**Fundur haldinn á Seyðisfirði**

**Mættir:** Þuríður Elísa Harðardóttir form., Skúli Björn Gunnarsson, Andrés Skúlason, Rannveig Þórhallsdóttir varam. og Eyrún Þóra Guðmundsdóttir varam.

**Forföll boðuðu:** Eyrún Helga Ævarsdóttir, Kristjana Louise Friðbjarnardóttir og Elsa Guðný Björgvinsdóttir.

**Dagskrá:**

Um var að ræða staðfund þar sem minjaráðsfulltrúar hittust á Seyðisfirði í þeim tilgangi að skoða svæðið en mikið hefur verið um að vera þar síðustu misseri.

Byrjað var að skoða skriðusvæðin þar sem aurskriður féllu í desember mánuði 2020. Ólafur Pétursson, landfræðingur og björgunarsveitarmaður, sagði fulltrúum frá hamförunum og þá uppbyggingu sem er í bígerð.

Gengið var síðan að hlíðum Bjólfs þar sem fornleifarannsókn vegna fyrirhugaðra snjóflóðavarna voru í fullum gangi. Rannveig Þórhallsdóttir, fornleifafræðingur og minjaráðsfulltrúi, fræddi ráðsmenn um rannsóknina en bæði voru skoðaðar bæjarminjar og rannsókn á myllu.

Að vettvangskönnun lokinni gæddu fulltrúar sér á veitingum í sólinni og héldu síðan í aðstöðuhús fornleifafræðinga á Seyðisfirði þar sem Ragnheiður Traustadóttir, fornleifafræðingur og stjórnandi rannsóknarinnar tók á móti hópnum.

*Þuríður Elísa Harðardóttir ritaði fundarsamantekt.*